



## GOLF

# SAFNAR GOLFHRINGJUM OG HAKAR Í BOX

– Ólafur Sigurðsson

Ég byrjaði ekki að spila golf fyrr en ég var orðinn sextugur að aldri en þá gaf eiginkonan mér golfsett í afmælisgjöf, og þá var ekki aftur snúið. Nú 15 árum síðar spila ég golf nokkrum sinnum í viku og við reynum að fara árlega í golfferð til útlanda. Konan byrjaði í golfinu á sama tíma og ég og stundum við golfið saman ásamt vinahópi sem áður stundaði útivist saman. Golfhringurinn hefur að mestu tekið við af fjallgöngum og tjaldútilegum en ætli aldurinn hafi ekki eitthvað með það að gera.

Ég er verkfræðingur að mennt og fjölskyldan álitur mig algeran Excel„nörd“. Það er eflaust rétt því ég var snemma farinn að safna saman skrá um þá golfvelli sem ég hef spilað á og setti það upp í Excel-skjal. Ég ákvað svo að nýta mér vefinn og setti allar upplýsingarnar á mína eigin vefsíðu, olisig.is, þar sem ég held utan um alls kyns hluti og fæ útrás fyrir söfnunaráráttu minni. Þar get ég hakað við hitt og þetta, hvort sem um er að ræða leikna golfvelli, myndir af fuglum og eldgosum eða það sem kalla mætti hvað ég hef verið víðförull. Ég set þá reiti um þá staði á Íslandi sem ég hef komið til. Landinu er skipt upp eftir lengdar- og breiddarbaugum, en ég hef komið á alls 302 staði(reiti) af

325. Á síðunni hef ég tekið saman alla golfvelli á landinu og markmiðið er auðvitað að spila á þeim öllum. Ég hef þegar hakað við 82% af þeim og á síðunni má sjá myndir sem ég hef sjálfur tekið á þeim völlum sem ég hef spilað. Það eru helst vellirnir á Aust- og Vestfjörðum sem ég á eftir, fyrir utan vellina sem ég spila mest á en þar er ég meðlimur eða á Nesvelli og Úthlíðarvelli. En uppáhaldsvöllurinn minn er Hamarsvöllur í Borgarnesi. Ástæðan er sú að skemmtilegasta brautin er mjög stutt og síðan er holan úti á eyjuna umlukin vatni, sem gerir hana að heilmikilli áskorun.

Á sumrin þegar við konan förum í ferðalög eru golfsettin alltaf með í för. Við skellum þeim í tengdamömmuboxið á bílnum og svo kíkjum við eftir golfvöllum í nágrenni við áfangastaðinn. Þetta gerir ferðalagið skemmtilegra þar sem við elskum að spila golf. Við njótum bæði útivistar og hreyfingar á svæði sem við hefðum kannski aldrei annars farið á. Maður gengur um 4 km á 9 holu hring, sveiflar kylfum og hreyfir allan kroppinn með. Maður slær eiginlega þrjár flugur í einu höggi; fær góða hreyfingu, útiveru og skemmtilegan félagsskap. En hve gaman þetta er, er auðvitað númer eitt.